

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☐ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. janúar 2007

Tilvísun: UST20061200020/sf

**Norðfjarðarvegur um Hólmaháls. Matsskylda.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 5. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdalýsing**

Fyrirhugað er að breyta Norðfjarðarvegi á 5,1 km löngum kafla á milli bæjarins Hólma í Reyðarfirði og inn fyrir vegamótin innan við Bólklett á Hólmaströnd. Í tilkynningu um framkvæmdina er fjallað um tvo valkosti, þ.e. efri leið og neðri leið sem er með um 0,5 km löngum jarðgöngum. Vegagerðin leggur til að efri leiðin verði farin. Báðar leiðirnar eru að mestu utan núverandi vegstæðis.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð breyting á veginum verði í raun fjórða vegstæðið á stuttum kafla vegarins fyrir Hólmahálsinn.

**Efnistaka, skeringar og fyllingar**

Áætluð efnispörf vegna framkvæmdarinnar er um 321.000 m<sup>3</sup>. Stærsti hluti efnisins eða um 296.000 m<sup>3</sup> fæst úr vegskeringum, en einnig er gert ráð fyrir að teknir verði allt að 25.000 m<sup>3</sup> úr námu við vegstæðið. Náman er skering sem verður útvíkkuð í námu. Ekki þarf að leggja sérstaka námuvegi vegna efnistöku.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila segir um frágang:

*„Efnistaka og frágangur verður í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Að efnistöku lokinni verður efnistökusvæðið mótað og jafnað þannig að það falli sem best að umhverfinu. Að lokinni mótun mun verktaki jafna lífrænum jarðvegi yfir svæðið.“*

Umhverfisstofnun vekur athygli á að gríðarlega mikið magn efnis verður tekið úr skeringum á fremur stuttri leið, enda felst efnistaka fyrst og fremst í skeringum í og við vegsvæðið. Einnig er gert ráð fyrir miklum fyllingum vegna lagningar nýja vegarins. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæði vegagerðarinnar verður mismunandi

breitt því vegurinn liggur utan í fjallshlíð þar sem skiptast á vegfyllingar og skeringar. Stærstu skeringarnar eru í námu A eða stöð 10.100 og í stöð 12.500 við áningarstað á Hólmahálsi en þær ná 77 m frá miðlínu. Stærsta fyllingin er við stöð 11.750 sem teygir sig 57 m frá miðlínu.

Svo miklar skeringar og fyllingar munu valda töluverðum ásýndarbreytingum en hversu mikil sjónrænu áhrifin verða fer eftir endanlegri hönnun og verklagi við framkvæmdirnar, sem og frágangi að verki loknu. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að útlit skeringa verði hannað sérstaklegar. Ákveða verður fyrirfram hversu mikið efni má taka á hverjum stað, hversu langt upp í hlíð má fara og hversu djúpt má vinna. Mikilvægt er t.d. að hvergi verði gerður „skápur“ inn í hlíðina. Einnig þarf að tryggja að sprengigrjót og annað efni dreifist ekki út fyrir skilgreind vegsvæði. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að til að koma í veg fyrir að sprengigrjót dreifist yfir framkvæmdasvæðið og inn á friðlýsta svæðið verði sprengimottur settar yfir berg sem á að sprengja. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að því verklagi verði fylgt eftir.

Umhverfisstofnun minnir jafnframt á að námuréttarhafa ber að leggja fram áætlun um efnistöku áður en leyfi er veitt til náms jarðefna, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Áningarstaður

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina verður gerður áningarstaður á Hólmahálsinum og útskot verður gert innan við Bólklett í Eskifirði. Í tilkynningu segir m.a. um áningarstaðinn: „Fyrirhugað er að byggja einn áningarstað á þessum vegkafla og verður honum komið fyrir efst á Hólmahálsi, við stöð 12450. Áningastaðurinn er staðsettur efst og austast á Hólmahálsinum og er útsýni þaðan yfir Hólmanesið og úr Reyðarfjörðinn að Skríúð. Gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir 8 fólksbíla, 4 húsbíla og tvær rútur. Skammt neðan og austan við bílastæðin er gert ráð fyrir að setja upp nestisaðstöðu með bekkjum og borðum.”

Áningarstaðurinn er innan friðlýsta svæðisins á Hólmanesi og er þar gert ráð fyrir mikilli skeringu, sem nær 77 m frá miðlínu. Á mynd 14 í tilkynningu framkvæmdaraðila er sýnd teikning af fyrirhuguðum áningarstað, en loftmynd sem teikningin er á er það gróf að hún segir lítið sem ekkert um aðstæður á staðnum. Umhverfisstofnun telur að gera verði nánari grein fyrir fyrirhuguðum áningarstað áður en framkvæmdir hefjast.

### Gróðurfar

Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á gróðri og dýralífi á Hólmanesi og á Hólmahálsi vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði, auk þess að meta verndargildi svæðisins og áhrif framkvæmda á verndargildi þess. Umfjöllun í skýrslu náttúrustofunnar miðast þó við svokallaða neðri leið A sem er með 250 m löngum göngum en ekki neðri leið B með 500 m löngum göngum. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að vegna umtalsverðra umhverfisáhrifa hárra fyllinga í Urðarhvammi og rasks á Baulhúsamýri hafi veglínan verið færð fjær þessu svæði og hafi göngin þá lengst í um 500 m. Umhverfisstofnun telur að æskilegt hefði verið að fyrir lægi sérstakt álit Náttúrustofu Austurlands á neðri leið B eða að skýrsla náttúrustofunnar hefði verið uppfærð þannig að í henni væri einnig fjallað um umhverfisáhrif þeirrar leiðar.

Í framangreindri skýrslu Náttúrustofu Austurlands kemur m.a. fram að fjölbreytni gróðurlenda á athugunarsvæðinu er töluverð. Efri veglínan liggur að mestu um móa,

mosagróður og graslendi. Gróðurþekja á þessari veglínu er nokkuð slitrótt austast yfir há Hólmahálsinn. Neðri veglínan liggur um móagróður, mosagróður og graslendi og í jaðri votlendisins í Baulhúsadal. Gróðurþekja er samfelld víða á þeirri leið en þó slitrótt í klettum sunnan megin og röskuð á gömlu ruslahaugastæði og vegarslóð norðan megin.

Um 150 tegundir háplantna hafa verið skráðar í Hólmanesfólkvangi og friðlandinu. Tegundir mosa, fléttna og sveppa hafa ekki verið skráðar. Af þeim tegundum háplantna sem eru skráðar eru fimm frekar sjaldgæfar tegundir, þ.e. dökkasef, villilín, bergsteinbrjótur, stóriburkni og gullsteinbrjótur. Í Hólmanesinu vaxa einnig Austfjarðategundirnar sjöstjarna, bláklukka, klettafrú, maríuvöttur og gullsteinbrjótur. Þetta eru tegundir sem eru nokkuð algengar á Austurlandi en sjaldgæfar utan þess. Engar af þessum 150 tegundum eru friðlýstar eða hafa verið settar á valista.

Miðað við framangreint telur Umhverfisstofnun að efri leiðin hafi minni áhrif á gróður en neðri leiðin. Efri veglínan liggur um vaxtarstaði villilíns og dökkasefs, en þar sem þær tegundir vaxa víðar á svæðinu og allvíða í Reyðarfirði og Eskifirði, skv. upplýsingum í skýrslu Náttúrustofu Austurlands, þá telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við veglínuna út frá gróðri. Umhverfisstofnun telur því ekki líkur á að frankvæmdin skv. valinni leið Vegagerðarinnar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á gróður.

### Fuglalíf

Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á fuglalífi á Hólmanesi og á Hólmahálsi vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði. Í skýrslu náttúrustofunnar kemur m.a. fram að efri veglínan fer um svipað land og núverandi vegur þ.e. um hjalla í Hólmahálsinum. Þar skiptist á mólendi og melar með frekar fáskrúðugu fuglalífi þar sem mest ber á heiðlóu. Neðri veglínan fer um svæði þar sem fuglalíf er fjölskrúðuga m.a. um votlendi og hefði því meiri áhrif. Líklegt er að umferð um þann veg hefði mun meiri áhrif en efri vegurinn vegna meiri truflunar á láglandinu þar sem fuglalíf er meira.

Í skýrslunni segir einnig:

*„Á Hólmanesi og nágrenni verpa a.m.k. tvær tegundir fugla sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2000). Annars vegar er það grágæs og hins vegar hrafn. Fullvist er að hvorugt fyrirhugaðra vegstæða hefði teljandi áhrif á þessar tegundir.“*

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugaður vegur um Hólmaháls muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á fuglalíf. Stofnunin telur að svokölluð neðri leið muni hafa í för með sér meiri áhrif á fuglalíf en efri leiðin.

### Hreindýr

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands kemur m.a. fram að efri veglínan muni ekki hafa meiri áhrif á hreindýr á svæðinu en núverandi vegur. Neðri veglínan þrengir meira að dýrum sem ganga á svæðinu. Efri veglínan er því betri með tilliti til áhrifa á hreindýr. Í skýrslunni er einnig bent á slyshættu vegna hreindýra en þar segir m.a.: *„Miðað við reynslu af hagagöngu Reyðarfjarðardýra og atferli þeirra gagnvart umferð bendir ýmislegt til þess að þau venjist henni að ákveðnu marki. Á þetta fyrst og fremst við fullorðna tarfa. Afleiðing þessa getur síðan verið aukin hætta á árekstrum ökutækja og hreindýra.“*

Í skýrslunni segir einnig: *„Með tilliti til hreindýra er efri veglína betri. Þó er ljóst að hvort sem efri eða neðri línan verður valin er líkur á að dýrin sæki í nýgróður í vegköntum með*

*tilheyrandi slysaheattu. Í því sambandi mætti kanna hvort finna megi plöntur sem góðar eru til að græða upp vegkanta en freista ekki hreindýra. Hvatt er til þess að skilti verði sett upp sem vari við hreindýrum á svæðinu frá Hólmahálsi og að Sómastöðum."*

Miðað við framangreint álit Náttúrustofu Austurlands telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á hreindýr. Ljóst sé þó að neðri leiðin mun hafa meiri áhrif á hreindýr en efri leiðin. Umhverfisstofnun telur eðlilegt að farið verði að þeim tillögum Náttúrustofu Austurlands að við uppgræðslu verði þess gætt að velja gróður sem hreindýr sækjast ekki í og að komið verði upp aðvörunarskiltum við veginn.

### **Friðlýst svæði**

Hómanes er friðlýst, að hluta til sem fólkvangur og að hluta sem friðland, sbr. auglýsingu nr. 393/1973 um fólkvang og friðland á Hólmanesi. Báðar þær leiðir sem fjallað er um í tilkynningu framkvæmdaraðila, þ.e. efri og neðri leið, liggja á kafla um friðlýsta svæðið. Efri leiðin liggur um það á um 2,3 km kafla eða á stöðvabili 10.900-13.200 en neðri leiðin á um 2,6 km kafla eða á stöðvabili 10.860-13.440.

Í skýrslu sem Náttúrustofa Austurlands vann fyrir Vegagerðina, Hólmanes og Hólmaháls – lífríki og verndargildi svæðisins, er lagt mat á verndargildi svæðisins og áhrif framkvæmda á það. Þar kemur m.a. fram að telja verði að verndargildi Hólmanessins sé mikið vegna fjölbreytilegs náttúrufars, fegurðar og útivistarmöguleika. Um áhrif framkvæmda á verndargildi svæðisins segir í skýrslunni:

*„Vegurinn um efra vegarstaðið mun ekki hafa afgerandi áhrif á verndargildi svæðisins. Þó mun hann spilla vaxtarstöðum tveggja fremur sjaldgæfra tegunda (villilins og dökkasefs) en það eru ekki einu vaxtarstaðir þessara tegunda á svæðinu. Ekki verður heldur séð að vegurinn muni rýra útivistargildi svæðisins mikið þótt væntanlega sjáist og heyrast meira til bílaumferðar neðan af láglandi fólkvangsins og friðlandsins en nú er."*

Vegur um neðri leiðina mundi hins vegar skerða verndargildi friðlýsta svæðisins töluvert skv. álit náttúrustofunnar. Um áhrif þeirrar leiðar segir í framangreindri skýrslu:

*„Slíkur vegur myndi liggja nær helstu perlum svæðisins t.d. Urðarhvamminum. Einnig myndi hann skerða votlendið í Baulhúsadal sem verður að teljast til eins af verðmætum svæðisins. Vegurinn myndi líklega valda truflun á dýralífi. Ekki verður séð annað en vegur á neðri leið myndi rýra útivistargildi svæðisins. Auk þess að skerða verndargildið beint myndi hann valda bæði sjónrænum áhrifum og hávaða niðri á láglandinu t.d. séð frá Baulhúsadal, Skeleyri eða Urðarskarði. Væntanlega myndu umferðarhljóð einnig heyrast í Urðarhvammi og sjást til vegarins frá a.m.k. neðri hluta hvammsins og öllu svæðinu við hólmana."*

Framangreind lýsing á við svokallaða neðri leið A en Umhverfisstofnun telur að munurinn á neðri leiðum A og B sé ekki þess eðlis eða það mikill að hann breyti miklu um framangreint álit. Umhverfisstofnun telur að neðri leiðin komi ekki til greina vegna áhrifa hennar á verndargildi og útivistargildi friðlýsta svæðisins. Hún liggur nær þeim svæðum sem eru talin hafa mest verndargildi, s.s. Urðarhvammi og Baulhúsadal og skerðir útivistargildi friðlýsta svæðisins. Einnig hefur neðri leiðin meiri áhrif á landslagsheildir á svæðinu en efri leiðin, sbr. umfjöllun hér að neðan.

### **Útivist og ferðamennska**

Í tilkynningu um framkvæmdina segir m.a.: *„Báðir vegkostirnir bæta aðgengi fólks að fólkvanginum í Hólmanesi. Efri leiðin mun ekki rýra mikið útivistargildi svæðisins. Þó mun væntanlega sjást og heyrast meira til bílaumferðar neðan af láglandi fólkvangsins og*

*friðlandsins en nú er.*” (bls. 13)

Þar segir einnig: „*Fræðslustígur, sem sýndur er með rauðri brotalinu á mynd 1.1, mun að hluta lenda við eða undir neðri veglínuna sem rýrir útivistargildi svæðisins.*” (bls. 14)

Umhverfisstofnun vekur athygli á að í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur ekki fram rökstuðningur fyrir því hvernig nýr vegur muni bæta aðgengi að friðlýsta svæðinu á Hólmanesi. Stofnunin bendir á að þrátt fyrir að nýi vegurinn liggja nær Hólmanesborgum og útsýni yfir svæðið verði meira eykur það ekki gildi svæðisins sem slíks eða útivistargildi þess. Umhverfisstofnun telur að hvað varðar útivist og ferðmennsku skipti mestu máli að vernda það svæði sem er friðlýst og skerða ekki verndargildi þess. Umhverfisstofnun bendir á að það hefur færst í aukana að það sé talið framkvæmdum til ágætis að í þeim felist bætt aðgengi að ákveðnum svæðum, þrátt fyrir að bætt aðgengi feli í sér röskun svæðanna. Stofnunin telur slíkt varhugaverða þróun því í þeim felst að ekki er tekið nægjanlegt tillit til þeirra grundarvallarsjónarmiða sem búa að baki verndun viðkomandi svæða.

### **Landslag**

Í greinargerð Einars Þórarinssonar, eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar á Austurlandi, segir m.a. (sjá fylgiskjal með tilkynningu framkvæmdaraðila):

„*Sem fyrr segir liggja veglínurnar um friðlýst svæði á Hólmanesi og hafa talsverð áhrif á umhverfið þar. Einnig verða veglínur áberandi innan við friðlýsta svæðið Eskifjarðarmegin og blasa þar við þéttbýlinu. Einkum verður efri leiðin áberandi þar sem hún skásker hlíðina út og upp á Hólmaháls með talsverðum fyllingum og vegfláum auk einhverra skeringa. Neðri veglínan liggur betur í landinu og verður minna áberandi á þessum kafla með mun lægri fyllingum og vegfláum.*”

Í skýrslunni kemur einnig fram að yst á Hólmahálsi liggja efri veglínar eftir sama klettastallinum nánast allan sveiginn fyrir hálsinn. Veglínar þar verði því tiltölulega lítið áberandi þrátt fyrir verulegar skeringar í basalhraunlagið ofan stallsins nema mun nær. Neðri veglínar mun hins vegar raska verulega þeirri landslagsheild sem Baulhúsadalur og næsta nágrenni er. Reyðarfjarðarmegin verði miklar skeringar nokkuð áberandi í efri leiðinni séð frá Hólmu og Leirhöfðasvæðinu. Neðri veglínar liggja um fjölbreytilegra landslag og gróskumeira gróðurlendi, auk þess sem hún liggja nær þeirri landslagsheild sem hólmanir og Leirhöfði mynda.

Það er mat eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar að þegar valkostirnir séu bornir saman í heild sinni fari neðri veglínar betur í landi og sé minna áberandi Eskifjarðarmegin. Efri veglínar er hins vegar mun betri kostur gagnvart friðlýsta svæðinu á Hólmanesi.

Umhverfisstofnun telur að báðar veglínur muni hafa í för með sér töluverð áhrif á landslag. Stofnunin telur að efri veglínar sé betri kostur út frá áhrifum á landslag þar sem neðri veglínar liggja um fjölbreytilegra landslag og hafi meiri áhrif á landslagsheildir sem vert er að vernda.

### **Núverandi vegur**

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi vegur verður fjarlægður frá bænum Hólmu að Illukeldu. Þaðan verður hann látinn halda sér að Völvuleiði og að endurvarpanum á Bólkletti. Frá Bólkletti og að fyrirhuguðum vegi verður núverandi vegur felldur betur að landslagi með því að fjarlægja hann að hluta. Umhverfisstofnun óskar eftir því að haft verði samráð við stofnunina um frágang á núverandi vegi.

## Vinnubúðir


Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að „ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar“. Umhverfisstofnun telur að gæta eigi þess að uppsetning vinnubúða hafi sem minnst rask í för með sér og að þær verði staðsettar utan við friðlýsta svæðið.


## Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur líkur á að neðri leiðin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif þar sem hún mun skerða verndar- og útivistargildi friðlýsta svæðisins á Hólmanesi. Efri veglínan hefur í för með sér minni áhrif á gróður og dýralíf en sú neðri og hefur ekki afgerandi áhrif á verndargildi og útivistargildi svæðisins, þrátt fyrir að umferðarhávaði muni með með nýja vegstæðinu hafa einhver áhrif á útivistargildi Baulhúsadals. Efri leiðin mun hins vegar hafa í för með sér töluverð sjónræn áhrif vegna mikilla fyllinga og skeringa í vegstæðinu. Hversu mikil þau áhrif verða fer eftir því hvernig staðið verður að framkvæmdum og frágangi að verki loknu. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að útlit skeringa verði hannað sérstaklegar og minnir jafnframt á að leggja skal fram áætlun um efnistöku í samræmi við 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt telur Umhverfisstofnun mikilvægt að haft verði samráð við stofnunina um endanlega veggönnun innan friðlýsta svæðisins áður en verkið verður boðið út, til að tryggja að umhverfisáhrifum veglagningar innan þess verði haldið í lágmarki.

Umhverfisstofnun minnir á að leyfi stofnunarinnar þarf til vegagerðar innan friðlýsta svæðisins á Hólmahálsi, í samræmi við 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Virðingarfyllt

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður

  
Sigurros Friðriksdóttir  
fagstjóri

Afrit: Einar Þórarinnsson, eftirlitsráðgjafi Umhverfisstofnunar á Austurlandi.